

Tafla 1
Lágmarksstig fyrir hvern starfsþátt kennara.

	<i>Rannsóknir</i>	<i>Kennsla</i>	<i>Stjórnun, þjónusta, annað</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Alls</i>
Lektor	30	-	-	0	30
Dósent	130	20	-	50	200
Prófessor	270	50	-	80	400

2. Lágmarksstig fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn. Stigin í töflu 2 byggja á stigamatskerfi kjaranefndar og Háskóla Íslands.

Tafla 2
Lágmarksstig fyrir hvern starfsþátt sérfræðinga og fræðimanna.

	<i>Rannsóknir</i>	<i>Kennsla</i>	<i>Stjórnun, þjónusta, annað</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Alls</i>
Sérfræðingur	30	-	-	0	30
Fræðimaður	150	-	-	50	200
Vísindamaður	320	-	-	80	400

Dórnefnd er heimilt að nota kennslustig sérfræðings eða fræðimanns til lækkunar rannsóknastiga, lækkunin getur þó aldrei orðið meiri en 20 stig við framgang í fræðimann og 50 stig við framgang í vísindamann, sbr. töflu 1.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Reglur þessar öðlast þegar gildi og úr gildi fellur 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 31. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

SAMPYKKT

um B-gatnagerðargjald í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmál húss eins og það er skráð hjá Fasteignamatí ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands og verður 3% á gjaldskyldu húsnæði í sveitarfélaginu, sbr. 1. gr.

4. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. gjaldfellur þegar lokið er lagningu bundins slitlags og gangstéttar en dreifa má greiðslum án vaxta í allt að 18 mánuði eftir gjalddaga.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um ábyrgðir Jöfnunarsjóðs sókna.

1. gr.

Í Jöfnunarsjóði sókna, sbr. lög nr. 91/1987, er starfrækt sérstök ábyrgðardeild. Heimilt er að veita ábyrgðir öllum þeim aðilum sem styrkhæfir eru samkvæmt þeim lögum.

Yfirlýsing um ábyrgð sjóðsins skal vera undirrituð af öllum kirkjuráðsmönnum.

2. gr.

Jöfnunarsjóður sóknar getur veitt ábyrgðir í heild er nema allt að þriðjungu af árlegum tekjum sjóðsins að viðbættum ferföldum varasjóði ábyrgðardeildar, þó aldrei meira en nemur 2,5 földum árstekjum sjóðsins.

3. gr.

Jöfnunarsjóður tekst einungis á hendur ábyrgð á skuldum í íslenskum krónum samkvæmt skuldabréfum sem tekin eru hjá viðurkenndri lánastofnun eða viðurkenndum lánveitanda. Skilmálum má ekki breyta nema með samþykki kirkjuráðs.